

Alþingi  
Erindi nr. P 138/2003  
komudagur 7.5. 2010

Nefndasvið Alþingis  
Félags- og tryggingamálanefnd  
b/t Hildar Evu Sigurðardóttur  
nefndarritari  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík



Reykjavík, 6. maí 2010.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar og lögum um húsaleigubætur. (554.mál)

*Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér breytingar á lögum vegna sérstakra aðstæðna á vinnumarkaði.*

Viðskiptaráð fagnar aðgerðum sem settar eru fram í þeim tilgangi að létta undir með þeim sem illa verða úti í því ástandi sem ríkið í þjóðfélaginu í dag. Mikill vandi ríkir á heimilum landsins eins og staðar er í dag, mikill skuldavandi ásamt vaxandi atvinnuleysi gera aðstæður á Íslandi í dag erfiðar og mikilvægasta hlutverk stjórnvalda í dag er að ráða bót á þeim vanda og grípa til aðgerða.

Í núverandi efnahagsumróti er afar brýnt að fyrirtæki reyni eftir fremsta megni að forðast uppsagnir, sem almennt má ætla að þau geri en í einhverjum tilvikum eru þær óumflýjanlegar. Þær breytingar sem frumvarp þetta felur í sér ættu að gera lækkun starfshlutfalls að fyrsta kosti í huga fyrirtækja þar sem þau geta hagrætt í rekstri og treyst rekstrargrundvöll sinn við þessar erfiðu kringumstæður, án þess að það leiði til umtalsverðs fjárhagslegs tjóns fyrir starfsmenn þeirra. Bæði fyrirtæki og einstaklingar geta þannig haldið áfram að búa til verðmæti og þar með skatttekjur fyrir ríkissjóð. Framlenging á heimild til hlutfallslegra atvinnuleysisbóta hefur verið aðeins gerð til styttri tíma í einu og er það jákvætt því undanþága sem þessi verður að fylgja vel þeim breytingum sem verður í atvinnulífinu.

Hins vegar er ljóst höfuðmarkmið hins opinbera við þessar aðstæður ætti að vera að draga úr verðbólgu og til þess þarf að grípa til aðrífarkra aðgerða á næstunni. Niðurskurður opinberra útgjalda er staðreynd sem verður að horfast í augu við. Frumvarp þetta felur hins vegar í sér útgjaldaaukningu og fellur það því ekki vel að ofangreindu markmiði.

**Viðskiptaráð leggur til að ofangreint frumvarp nái fram að ganga**

Virðingarfyllst,

---

Þórdís Bjarnadóttir  
Lögfræðingur  
Viðskiptaráð Íslands